



Lúxemborg, 30. mars 2010

FRÉTTATILKYNNING 3/2010

Dómur í máli E-6/09 *Magasin- og Ukepresseforeningen* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*

EFTA-DÓMSTÓLLINN VÍSAR FRÁ MÁLI Á SVIÐI RÍKISAÐSTOÐAR

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem *Magasin- og Ukepresseforeningen*, sem eru samtök norskra útgefenda tímarita, höfðaði gegn *Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)*. Samtökin fóru fram á að dómstóllinn úrskurðaði að ESA hefði látið hjá líða að hefja aðgerðir í kjölfar kvörtunar sem samtökin lögðu fram í ágúst 2006 varðandi meinta ríkisaðstoð til dagblaða. Í kvörtuninni kemur fram að samtökin telja að virðisaukaskattfríðindi fyrir dagblöð í Noregi feli í sér ríkisaðstoð.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að vísa bæri málinu frá þar sem stefnandi nyti ekki stöðu aðila máls, hvorki samkvæmt reglum um málsmeðferð né á efnislegum grundvelli. Í þessu tilliti taldi dómurinn að stefnandi gæti ekki vefengt aðgerðir ESA á sama grundvelli og sá „aðili sem málið varðar“ í skilningi 3. mgr. 4. gr. í II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls gæti vefengt ákvörðun ESA um að hreyfa ekki andmælum, enda væri það ákvæði bundið við nýja ríkisaðstoð og tæki því ekki til gildandi ríkisaðstoðar. Stefnandi uppfyllti heldur ekki skilyrði um aðild málsins á efnislegum grundvelli þar sem samtökunum hefði ekki tekist að sýna fram á að markaðsstaða að minnsta kosti sumra aðila þess hefði orðið fyrir verulegum áhrifum vegna veittrar ríkisaðstoðar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.